



Fundargerð

Verkefnisstjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

31. fundur, föstudaginn 14. janúar 2011, kl. 14:00-17:00 í Orkugarði, Reykjavík

Mætt: Svanfríður Jónasdóttir, Agnar Olsen, Anna G. Sverrisdóttir, Björg Eva Erlendsdóttir, Elín R. Líndal, Friðrik Dagur Arnarson, Guðni A. Jóhannesson, Helga Barðadóttir (iðnaðarráðuneytinu), Kjartan Ólafsson (form. faghóps III), Kristinn Einarsson (OS), Kristín Huld Sigurðardóttir, Kristín Linda Árnadóttir (frá og með dagskrárlíð nr. 4), Stefán Arnórsson, Steinunn Fjóra Sigurðardóttir (umhverfisráðuneytinu), Sveinbjörn Björnsson (ráðgjafi), Unnur Brá Konráðsdóttir og Þóra Ellen Þórhallsdóttir. Kristinn Einarsson ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Enginn úr verkefnisstjórn var fjarverandi.

Lagt fram á fundi: 1) Bókun Friðriks Dags Arnarsonar undir dagskrárlíð 4a, 2) Tillaga frá formanni að bókun verkefnisstjórnar undir dagskrárlíð 4a, 3) Drög að bókun frá formönnum faghópa I og II undir dagskrárlíð 4b.

Fundarfrásögn

0. Fundargerð og dagskrá. Fundargerð 30. fundar 9. nóv. 2010 lá fyrir með innfærðum endurbótum fundarmanna. Engar frekari athugasemdir voru gerðar, og skoðast hún því samþykkt. Rætt var um röðun atriða á dagskrá og ákveðið að halda henni óbreyttri, þannig: 1) Lokaskýrsla, 2) Greinargerð eftir Stefán Arnórsson um nýtingu háhita, 3) Fundaplan í janúar, 4) Önnur mál: a) Álit Umboðsmanns Alþingis vegna máls Ragnhildar Sigurðardóttur, b) Rannsóknaleyfi Orkustofnunar á svæðum sem til meðferðar eru í 2. áfanga rammaáætlunar, c) Næsti fundur.

1. Lokaskýrsla.

Svanfríður setti fund og kallaði eftir athugasemdum við fyrirliggjandi efnisyfirlit og uppsetningu á lokaskýrslu verkefnisstjórnar.

Elín benti á að það þyrfti að gera ljósa grein fyrir því í skýrslunni hvaða afdrif afurðin fengi. Einnig taldi hún orðið „bara“ vera ofnotað í fyrirliggjandi drögum.

Þóra Ellen ræddi athugasemdir sem sendar voru til formanns 7. janúar sl., m.a. vegna Selfossvirkjunar, sem taka þyrfti tillit til. Einnig vildi hún að verkefnisstjórn taki fyrir athugasemdir frá Náttúrufræðistofnun Íslands og Veiðimálastofnun.

Svanfríður kvaðst mundu setja þessar athugasemdir á dagskrá næsta fundar.

Friðrik Dagur taldi að orðið „kostur“ væri í eðli sínu ekki hlutlaust, enda væri andheitið „ókostur“. Þegar það væri notað sem hluti samsetts orðs setti það viðkomandi fyrirbæri í jákvætt samhengi, sem ekki allir felldu sig við, og það gæti því dregið úr líkum á að sú sátt sem stefnt er að næðist. Því lagði hann til að orðið „virkjunarhugmynd“ verði notað í stað orðsins „virkjunarkostur“.

Fundurinn lýsti stuðningi við tillögu Friðriks Dags.

Sveinbjörn benti á að tillaga að efnisyfirliti gæti breytt og þróast í rás vinnunnar að skýrsluskrifum. Hann kvaðst einkum hafa áhyggjur af lið 3.4 og 5.7 í fyrirliggjandi drögum, en umfjöllun um þá gæti tekið 3 til 4 fundi hjá verkefnisstjórn.

Björg Eva spurði hvort hægt væri að bæta við köflum og fékk það svar að svo væri, að því tilskildu að þörf krefði. Hún kvaðst samþykk efnisyfirlitinu að þessu gefnu.

Svanfríður lagði til að vinnulag skv. fyrirbyggjandi drögum yrði viðhaft þar til annað kynni að vera ákveðið og að orðið „virkjunarhugmynd“ yrði notað í lokaskýrslunni í stað orðsins „virkjunarkostur“. Var þessi tillaga **samþykkt** án atkvæðagreiðslu.

2. Greinargerð eftir Stefán Arnórsson um nýtingu háhita.

Sveinbjörn kynnti þá tillögu að málsmeðferð, að gefin yrði út sérstaklega greinargerð Stefáns Arnórssonar um nýtingu háhita. Jafnframt yrði umfjöllun um efnið í lokaskýrslunni, en vísað til greinargerðarinnar um ítarefni. Var þessi tillaga **samþykkt** án atkvæðagreiðslu.

3. Fundaplan í janúar.

Svanfríður lagði fram tillögu um að haldnir yrðu fundir í verkefnisstjórn a.m.k. næstu föstudaga í janúar, og var það **samþykkt** án atkvæðagreiðslu.

4.

a) Álit Umboðsmanns Alþingis vegna máls Ragnildar Sigurðardóttur

Friðrik Dagur lagði fram eftirfarandi bókun til innfærslu í fundargerð:

„Fulltrúi frjálsra félagasamtaka í stjórn Rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæðalýsir yfir þungum áhyggjum af stöðu mála í vinnunni við áætlunina.

Nú er ljóst orðið með skýrum hætti, að náttúruverndarsjónarmið hafa ekki setið við sama borð og orkunýtingarsjónarmið í vinnu að áætluninni. Sama gildir um flestar nýtingarhugmyndir aðrar en orkuvinnslu. Við mat á verðmæti svæða hefur t.d. náttúruvernd sem landnýting ekki verið sérstaklega skoðuð þó náttúruverndargildi einstakra þátta eða fyrirbæra hafi að sjálfsögðu komið til umfjöllunar. Þetta skekkir heildarmyndina í mati á svæðum. Þá sýnir úrskurður Umboðsmanns Alþingis varðandi ráðningu starfsmanns fyrir Rammaáætlun að skoðanir, opinberar eða meintar, voru að kröfu orkugeirans taldar nægjanleg ástæða til að ráða ekki hæfan umsækjanda í starfið. Með ráðningunni dró því iðnaðarráðherra taum orkugeirans í embættisfærslu sinni.

Í ljósi þessa verður ekki hjá því komist að verkefnisstjórnin taki álit umboðsmannsins og stöðuna í kjölfarið til umfjöllunar og skýri aðkomu sína og áherslur. Síðan má velta upp þeirri spurningu hvort skoða beri allt starf stjórnar í þessu samhengi.“

Svanfríður lagði fram drög að bókun formanns verkefnisstjórnar, sem lagfærð voru á fundinum, auk þess sem þess var óskað að bætt yrði við hana umfjöllun um aðdraganda málsins. Í kjölfar þeirra breytinga (að hluta eftir fundinn) er bókunin svohljóðandi, til staðfestingar á næsta fundi:

„Vegna niðurstöðu umboðsmanns Alþingis í máli Ragnildar Sigurðardóttur gegn

iðnaðarráðuneytinu vill verkefnisstjórn rammaáætlunar taka eftirfarandi fram:

Áður en ákveðið var að auglýsa eftir starfsmanni fyrir verkefnisstjórn rammaáætlunar var það kannað hvort hægt væri að hafa sama hátt á og var í fyrsta áfanga, en þá var framkvæmdastjóri Landverndar jafnframt starfsmaður verkefnisstjórnar. Því var hafnað á þeirri forsendu að starfsmaður yrði að vera hlutlaus gagnvart þeim deilum sem uppi voru í samfélaginu um virkjanir.

Á sömu forsendum var því einnig hafnað af hálfu verkefnisstjórnar að Orkustofnun réði starfsmann sem síðan yrði starfsmaður verkefnisstjórnar .

Um tímabundna ráðningu var að ræða og var verkefnisstjórn umsagnaraðili um ráðninguna. Við umsögn sína hafði verkefnisstjórn tvö meginsjónarmið:

1. Að ráðinn yrði hæfur einstaklingur

2. Að viðkomandi nyti trausts allra í verkefnisstjórn, og voru þá höfð í huga þau viðhorf sem fram höfðu komið gagnvart fyrri hugmyndum um starfsmann

Ástæður fulltrúa í verkefnisstjórn fyrir viðhorfum þeirra til einstakra umsækjenda vou aldrei rædd

í verkefnisstjórn. Mælt var með ráðningu þess einstaklings sem allir gátu sæst á.“

b) Rannsóknaleyfi Orkustofnunar á svæðum sem til meðferðar eru í 2. áfanga rammaáætlunar

Lögð var fram bókun frá formönnum faghópa I og II, Þóru Ellen Þórhallsdóttur og Önnu G. Sverrisdóttur, um málið dags. 14. janúar 2011. Guðni taldi staðreyndavillur vera í bókuninni og var ákveðið að hann myndi koma slíkum leiðréttingum til flutningsmanna. Var frekari umfjöllun um hana frestað til síðari funda(r) verkefnisstjórnar.

c) Næsti fundur

Svanfríður boðaði að á næsta fundi, sem haldinn yrði að viku liðinni, myndi liggja fyrir til afgreiðslu skýrsla vinnuhóps undir forystu Jónasar Ketilssonar um sjálfbæra nýtingu jarðhita, sem verkefnisstjórn fengi senda í PDF formi. Skýrslan yrði þannig birt opinberlega eftir næsta fund. Einnig yrði þar m.a. fjallað nánar um bókun frá formönnum faghópa I og II, sem hefði þá fengið viðeigandi yfirferð.

Kristinn Einarsson